

3. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisaðstoð.

4. gr.

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn Bolungarvíkur setur og ráðherra staðfestir.

Heimilt er Félagsmálaráði að vika frá þeirri gjaldskrá til lækkunar, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Skrifstofa Bolungarvíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

6. gr.

Félagsmálaráð gerir skýrslu um starfsemina fyrir hvert ár og leggur skýrsluna fyrir bæjarstjórn ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur Félagsmálaráðs.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist öllum þeim, til eftirbreytni sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið 29. desember 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um umferð í Reyðarfjarðarkauptúni.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Heiðarvegur að Austurvegi verður aðalbraut fyrir öllum aðliggjandi götum.
2. Stöðvunarskylda verður úr Mánagötu gagnvart Austurvegi.
3. Á Brekkugötu skal vera einstefnuakstur frá Búðareyri til austurs.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Reyðarfjarðarkauptúni, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, 20. desember 1978.

Bogi Nilsson.